



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068  
postur@mnrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Ráðhúsi Hafnarfjarðar, Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði

Reykjavík 13. september 2012  
Tilv.: MMR12090250/6.14.1-

Efni: Tilkynnt um úttekt á starfsemi leikskólans Stekkjaráss

Mennta- og menningarmálaráðuneytið vísar til umsóknar yðar, sem barst ráðuneytinu 8. desember 2011, um úttekt á leikskólanum Stekkjarási, sbr. auglýsingu ráðuneytisins frá 19. nóvember 2011. Alls bárust 34 umsóknir um úttektir á leik- og grunnskólum frá 15 sveitarfélögum en velja átti þrjá leikskóla og þrjá grunnskóla til þátttöku. Ekki reyndist unnt að verða við umsókn yðar sl. haust en ráðuneytið hefur ákveðið að láta gera úttekt á starfsemi leikskólans Stekkjaráss 2012. Úttektin mun fara fram á tímabilinu október til desember 2012.


Markmið úttektarinnar er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum um leikskóla, reglugerðum og aðalnámskrá. Í úttektinni skal m.a. leggja áherslu á stefnu og stjórnun, skipulag starfs, innra mat og sérfræðipjónustu sveitarfélagsins. Úttektin skal einnig beinast að mati og eftirliti sveitarfélagsins með skólastarfi og hvernig það nýtist leikskólanum.

Ráðuneytið hefur falið Attentus ehf. að vinna úttektina. Attentus ehf. hefur yfir að ráða starfsfólki sem hefur þekkingu og reynslu af vinnu við mat á leikskólastarfi, þ.m.t. úttektum, svo og reynslu og þekkingu á stjórnun og starfsemi leikskóla.

Úttektaraðilar munu hafa samband við leikskólastjóra innan tíðar vegna gagnaöflunar, fyrirkomulags og framkvæmdar verksins. Mats- og greiningarsvið ráðuneytisins veitir nánari upplýsingar sé þess óskað.


Ráðuneytið væntir góðs samstarfs við sveitarfélagið og skólann um úttektina.

Fyrir hönd ráðherra

  
Stefán Baldursson

  
Margrét Harðardóttir

Ljósrit: Leikskólastjóri og Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	18.9.2012
Málsnr:	1201501
Bréfal:	228